

Þriðjudaginn 12. mars 1991.

Nr. 90/1991. **Pétur Óskarsson**

gegn

Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Kærumál. Innsetningargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1991, sem barst Hæstarétti 27. sama mánaðar.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu innsetningu í kr. 587.145,50, sem eru leigutekjur Jóns Jónssonar, Setbergi, Skógarstrandarhreppi, kt. 180328-2469, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Laugavegi 120, Reykjavík, átti að greiða nefndum Jóni Jónssyni skv. leigusamningi, dags. 17/3 1987, síðast með gjalddaga 15. desember 1990 og gert var fjárnám í í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 2. nóvember 1989. Þá er og gerð krafa um, að Framleiðnisjóður landbúnaðarins verði dæmdur til að greiða hæfilegan kærumálskostnað auk virðisauka-skatts“.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Hinn kærði úrskurður verður ekki borinn undir Hæstarétt með kæru, sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. febrúar 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 29. janúar sl.

Gerðarbeiðandi er Pétur Óskarsson, kt. 031050-2439, Neskinn 8, Stykkishólmi.

Gerðarþoli er Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Laugavegi 120, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi gerir þær kröfur, að honum verði með beinni fógetagerð færðar kr. 587.145,50 frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem greiðsla upp í fjárnámskröfu hans á hendur Jóni Jónssyni, kt. 180328-2469, Setbergi, Skógarstrandarhreppi. Þá kom fram við munnlegan málflutning krafa um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Af hálfu gerðarþola er sú krafa gerð, að synjað verði um hina umbeðnu gerð. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

II.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 2. nóvember 1989 var í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu gert fjárnám hjá Jóni Jónssyni að kröfu Péturs Óskarssonar. Gerðarþoli var sjálfur mættur við fjárnámið og kvaðst ekki greiða kröfuna og ekki benda á eignir til fjárnáms. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í „.....leigutekjum gerðarþola eftir fullvirðisrétt hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins“. Bókuð er eftir gerðarþola yfirlýsing um, að fjárnámsandlagið dugi ekki til að greiða kröfuna að fullu, og hann kveðst að öðru leyti eignalaus. Fallið var frá virðingu. Umboðsmaður gerðarbeiðanda ritaði Framleiðnisjóði bréf, dags. 14. nóvember 1989, og tilkynnti um fjárnámið og lét fylgja með afrit af fjárnámsskránni. Þann 15. desember greiddi síðan Framleiðnisjóður umboðsmanni gerðarbeiðanda kr. 132.618 inn á fjárnámskröfuna. Þegar kom að næsta gjalddaga leigugreiðslna til Jóns Jónssonar, neitaði gerðarþoli hins vegar að greiða meira til umboðsmanns gerðarbeiðanda, og virðist sú neitun annars vegar byggjast á mótmælum Jóns Jónssonar og hins vegar á bréfi landbúnaðarráðuneytisins, þar sem segir meðal annars:

„Ráðuneytið getur ekki orðið við beiðni yðar um úrskurð í þeirri deilu, sem orðin er vegna mótmæla Jóns Jónssonar, þar sem það hefur ekki úrskurðarvald um slíka deilu. Á hinn bóginn skal tekið fram, að það er mat ráðuneytisins, að krafa Jóhanns Þórðarsonar hrl. í bréfi, dags. 14. júní sl., fái á engan hátt staðist og verði ekki reist á fjárnámi á (sic) fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 2. nóvember 1989. Þar er hvorki til-

greindur sá samningur, sem leigugreiðslur byggjast á, upphæð þeirra né gjalddagi greiðslna, sem gjaldfallnar eru.

Samkvæmt framansögðu telur ráðuneytið, að Framleiðnisjóði sé óskýlt að verða við kröfu Jóhanns Þórðarsonar hrl.“

Samningur sá, sem fjárnám virðist vera gert í og liggur frammi í málinu, kveður á um greiðslur til Jóns Jónssonar í sex ár þann 15.12. ár hvert frá 1987 til og með 1992. Samningi þessum hefur verið þinglýst á viðkomandi eign.

III.

Gerðarbeiðandi byggir á því, að 2. nóvember 1989 hafi farið fram fullgilt fjárnám í margnefndum leigugreiðslum til Jóns Jónssonar. Jón hafi verið viðstaddur gerðina og undirritað hana; ekki sé vafi á því, að öllum aðilum málsins sé fyllilega ljóst, hvað hafi verið tekið fjárnámi, enda hafi Framleiðnisjóður þegar greitt gerðarbeiðanda á grundvelli þess. Þá bendir gerðarbeiðandi á, að umræddu fjárnámi hafi ekki verið áfryjað.

Gerðarþoli byggir á því, að telja verði, að samningur um ráðstöfun full-virðisréttar geti ekki verið fullnægjandi fjárnámsandlag, þar sem ekki sé tryggt, að greiðslur muni eiga sér stað, greiðsla leigunnar í hvert sinn sé háð samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Þá er því andmælt af hálfu gerðarþola, að verði fjárnámsgerðin haustið 1989 talin standast, verði hún talin ná til leigugreiðslna síðar en 15. desember 1989, þar sem á þeim tíma hafi ekki verið tryggt um framhald ábúðar Jóns Jónssonar á jörðinni Setbergi í Skógarstrandarhreppi. Af þeirri ástæðu sé ekki hægt að fallast á, að unnt sé að beita beinni fógetagerð, eins og hér sé farið fram á af hálfu gerðarbeiðanda.

IV.

Það er ekki að sjá á gögnum málsins, að fjárnámsgerð þeirri, sem hér er til umfjöllunar og framkvæmd var 2. nóvember 1989 í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hafi verið hnekkt. Ljóst er, að fógetaréttur Reykjavíkur hefur ekki valdsvið til að endurskoða gerðir hliðsetts dómara, í þessu tilviki fógeta í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Hér að framan hefur komið fram, að greiðsla hefur einu sinni farið fram samkvæmt fjárnáminu, en sjá má af bókun, að líklegt er, að Jón Jónsson hafi talið, að aðeins væri um að ræða fjárnám í greiðslu þ. 15. desember 1989, en ekki í frekari greiðslum.

Það er meginregla varðandi beinar fógetagerðir, að mjög skýrt þarf að vera, að hvaða andlagi gerð beinist, þegar í upphafi máls, og almennt er ekki talið unnt að fá innsetningu í tegundarákveðna hluti. Önnur meginregla er, að innsetningargerð getur aldrei farið fram til fullnustu peninga-

kröfu. Það er því álit réttarins, að þegar allt ofangreint er virt, sé ekki unnt að verða við beiðni um innsetningu.

Umbeðin innsetningargerð getur ekki farið fram. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurð þennan kvað upp Anna M. Karlsdóttir aðalfulltrúi.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Krafa Péturs Óskarssonar um innsetningu í kr. 587.145,50 hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins nær ekki fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.
